



Stefna varðandi hlutfall veltufjár af rekstrartækjum

Á 435. fundi bæjarstjórnar, þann 11. apríl 2019, var samþykkt að gerður verði samningur um verkefnið „Stefnumótun og gerð langtíma fjárhags- og rekstraráætlunar Ísafjarðarbæjar“, auk þess sem samþykktur var viðauki við fjárhagsáætlun 2019 vegna verkefnisins.

Á 1100. fundi bæjarráðs, þann 30. mars 2020, kynntu Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, skýrslu HLH ehf. með úttekt á stjórnslu Ísafjarðarbæjar. Var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir að nýju.

Þann 7. maí 2020 kynnti Haraldur Líndal Haraldsson lokaútgáfu skýrslu þessarar fyrir bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og sviðsstjórum.

Á 1112. fundi bæjarráðs þann 29. júní 2020, kynntu sviðsstjórar og bæjarstjóri útfærslur verkefna og tillagna skýrslu HLH ráðgjafar um stjórnsluúttekt Ísafjarðarbæjar.

Í skýrslu HLH ráðgjafar kom eftirfarandi tillaga fram:

Lagt er til að bæjarstjórn marki stefnu til framtíðar varðandi hvað hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartækjum eigi að vera.

Lögð er áhersla á að það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvert hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartækjum eigi að vera til framtíðar litið til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Bæjarritari leggur til að bæjarráð, bæjarstjórn og bæjarstjóri marki umrædda stefnu. Fjármálastjóri hefur sent bæjarstjóra og formanni bæjarráðs skjal með grunnupplýsingum sem hægt er að vinna út frá.